

Dreifibréf til rekstrarfélaga verðbréfasjóða

4. desember 2017
Tilvísun: 2017120001

Efni: Framsetning markaðsefnis og upplýsingagjöf til viðskiptavina

Að gefnu tilefni bendir Fjármálaeftirlitið á að rekstrarfélögum verðbréfasjóða ber í starfsemi sinni að hafa hliðsjón af ákvæðum 14. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og 28. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og víðskiptahætti fjármálafyrirtækja við gerð markaðsefnis og miðlun upplýsinga til viðskiptavina og öðrum sem þau bjóða þjónustu sína. Auk framangreinds gildir 55. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði um auglýsingar og aðra kynningarstarfsemi verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Kröfur til kynningarefnis í lögum og reglum um verðbréfavíðskipti

Í auglýsingaefni og annarri kynningarstarfsemi fjármálafyrirtækis skal gæta þess að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi og þjónustu fjármálafyrirtækisins og að markaðsefni sé aðgreint frá öðrum orðsendingum, sbr. 4. mgr. 14. gr. laga um verðbréfavíðskipti. Meginreglur 14. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti ná bæði til almennra fjárfesta og fagfjárfesta, víðskiptavina og mögulegra víðskipta fjármálafyrirtækja.

Í 28. gr. reglugerðar nr. 995/2007 er kveðið nánar á um kröfur til kynningarefnis fjármálafyrirtækis en í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli tryggja að allar upplýsingar, þ.m.t. markaðsefni, sem beint er til almennra fjárfesta eða hugsanlegra almennra fjárfesta, eða dreift á þann hátt að líklegt sé að þessir aðilar fái þær, uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2.-8. mgr. greinarinnar.

3. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar

Ef í upplýsingum er gerður samanburður á fjárfestingarþjónustu, víðbótarþjónustu, fjármálagerningum eða aðilum, sem veita slíka þjónustu skulu eftirfarandi skilyrði 3. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar uppfyllt:

- samanburðurinn verður að vera marktækur og settur fram af sanngirni og jafnræði,
- tilgreina skal hvaðan upplýsingarnar, sem notaðar eru í samanburðinn, eru upprunnar, og
- lykilstaðreyndir og forsendur sem notaðar eru til að gera samanburðinn verða að koma fram.

Fjármálaeftirlitið bendir á að mat á því hvað teljist sambærilegir sjóðir er alltaf á ábyrgð rekstrarfélagsins sjálfs jafnvel þó að það byggist á upplýsingum eða mati frá óháðum þriðja aðila.

4. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar

Ef í upplýsingunum er tilvísun í þróun og gengi fjármálagerninga, fjármálavísitalna eða fjárfestingaþjónustu skal hún ekki vera áberandi atriði í upplýsingunum, sbr. 4. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar. Samkvæmt b-lið 4. mgr. skulu viðeigandi upplýsingar, byggðar á 12 mánaða tímabilum, gefnar um árangur

- i. síðastliðinna fimm ára
- ii. allt tímabilið sem fjármálagerningurinn, fjármálavísitalan eða fjármálaþjónustan hefur verið í boði, ef það er styttra en fimm ár, eða
- iii. annað lengra tímabil, eftir því sem fyrirtæki ákveður

Fjármálaeftirlitið bendir á að ekki er fullnægjandi að setja upplýsingar sem kveðið er á um í b-lið 4. mgr. fram sem uppsafnaða ávöxtun tímabilsins heldur er nauðsynlegt að ávöxtun hvers tímabils fyrir sig komi skýrt fram þannig að fjárfestar eigi auðvelt með að lesa ávöxtun hvers tímabils úr þeim.

Í upplýsingunum verður að vera áberandi viðvörðun um að tölurnar vísi til fortíðar og að árangur í fortíð gefi ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur, sbr. d-liður 4. mgr. Byggist tilvísunin á heildarárangri skal gefa upp áhrif af umboðslaunum, þóknunum eða öðrum gjöldum, sbr. f-liður. 4. mgr.

5. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar

Ef í upplýsingum er tilgreindur eða í þeim vísað til hermiárangurs í fortíðinni skulu þær tengjast fjármálagerningum eða fjármálavísitölu skal hermiárangurinn í fortíðinni byggjast á raunarángri eins eða fleiri fjármálagerninga eða fjármálavísitalna í fortíðinni sem eru þeir sömu og fjármálagerningurinn sem um ræðir eða liggja að baki honum, sbr. a-liður 5. mgr. Þá skal í upplýsingunum vera áberandi viðvörðun um að tölurnar vísi til hermiárangurs í fortíðinni og að árangur í fortíð gefi ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur. Að því er varðar raunarángur í fortíðinni sem um getur í a-lið, skulu skilyrði sem sett eru fram í a-c-lið og f-lið 4. mgr., uppfyllt.

Fjármálaeftirlitið lítur svo á að með vísun til sögulegrar ávöxtunar felist umfjöllun um hugsanlegan ávinning. Því ber að benda á hvers kyns áhættu á sanngjarnan og áberandi hátt þegar það er gert.

Fjármálaeftirlitið bendir á að mat á því hvað teljist áberandi í markaðsefni verði að felast í staðsetningu, framsetningu og stærð þess texta hverju sinni.

6. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar

Séu tilgreindar upplýsingar um framtíðarárangur mega þær ekki byggjast á eða vísa til hermiárangurs í fortíðinni, sbr. a-liður, og upplýsingar verða að byggjast á skynsamlegum forsendum sem studdar eru hlutlægum gögnum, sbr. b-liður. Ef upplýsingarnar byggjast á heildarángri skal gefa upp áhrif af umboðslaunum, þóknunum eða öðrum gjöldum, sbr. c-liður. Þá skal vera áberandi viðvörðun í upplýsingunum um að spár um framtíðarárangur gefi ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Kröfur til markaðsefnis í lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði

Samkvæmt 1. mgr. 55. gr., sbr. 1. mgr. 59. gr., skal gæta þess í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi þeirra. 2. mgr. sömu greinar tilgreinir að í auglýsingum eða annarri kynningarstarfsemi verðbréfasjóða skuli m.a. koma fram hvort sjóður sé verðbréfasjóður eða fjárfestingarsjóður, heiti rekstrarfélags, upplýsingar um áhættu verðbréfasjóðs og tilvísun í útboðslýsingu og lykilupplýsingar og hvar megi nálgast þau gögn.

Viðurlagaheimildir

Fjármálaeftirlitið bendir á að það getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum 14. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Sektor sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500 þúsund kr. til 800 milljón kr., en geta þó verið hærri eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt 141. gr. laganna.

Þá getur Fjármálaeftirlitið lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn ákvæðum 55. gr. laga nr. 128/2011, sbr. 20. töluliður 1. mgr. 65. gr. Sektor sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500 þús. kr. til 800 millj. kr. en geta þó verið hærri eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans, sbr. 4. mgr. 65. gr.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Halldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

Guðrún Inga Guðmundsd.
Guðrún Inga Guðmundsdóttir